



SNÆFELLSBÆR

Þar sem jökullinn ber við loft...

Alþingi

Erindi nr. P 138/1

komudagur 17.9.2009

Fjárlaganefnd Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Snæfellsbæ, 10.09.2009

Efni: Beiðni til fjárlaganefndar Alþingis um að Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull verði gerður að sjálfstæðri stofnun

Snæfellsbær óskar eftir því við fjárlaganefnd Alþingis að hún beiti sér fyrir því að Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull verði gerður að sjálfstæðri stofnun með sjálfstæðri stjórn á sama hátt og Þingvallabjörggarður og Vatnajökulsþjóðgarður.

Ástæða þessarar beiðni er sú reynsla sem komin er á rekstur þjóðgarðsins undir stjórn Umhverfisstofnunar.


Ljóst er að þeir fjármunir sem renna til Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls eru bara lítið brot af þeim fjárveitingum sem renna til hinna þjóðgarðanna. Þessu til stuðningar er nóg að líta á tölur fyrir fjárframlög til garðanna fyrir árið 2009:

Nafn	Almennur rekstur	Stofnkostnaður	Alls
Þingvellir	73,4 m.kr.	31 m.kr.	106,4 m.kr.
Vatnajökull	160,5 m.kr.	245,5 m.kr.	406 m.kr.
Snæfellsjökull	29,15 m.kr.	0 m.kr.	29,15 m.kr.

Af þessu tölum má ljóst vera mikilvægi þess að þjóðgarður sé sjálfstæður með sjálfstæða stjórn sem beitir sér fyrir hagsmunum þjóðgarðsins á hverjum tíma. Það er því ósk Snæfellsbæjar að fjárlaganefnd Alþingis skoði það alvarlega hvort ekki sé rétt að beita sér fyrir þeirri breytingu sem óskað er

Með vísan til framangreinds er þess hér með farið á leit við háttvirta fjárlaganefnd Alþingis, að veitt verði fjárframlög á fjárlögum ársins 2010 til að gera Þjóðgarðinn Snæfellsjökul að sjálfstæðri stofnun.

Virðingarfyllst,


Kristinn Jónasson
bæjarstjóri

Afrit:

**Þingmenn Norðvesturkjördæmis.
Umhverfissráðuneytið
Umhverfisstofnun
Umhverfisnefnd Alþingis**





SNÆFELLSBÆR

Þar sem jökullinn ber við loft...

Fjárlaganefnd Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Snæfellsbæ, 10.09.2009

Efni: Beiðni til fjárlaganefndar Alþingis um fjárframlag til Þjóðgarðsmiðstöðvar sem gert er ráð fyrir að rísi á Hellissandi

Á þessu ári hefur verið unnið að frágangi á hönnun hússins og útboðsgögn hafa verið útbúin. Verkið er komið til Framkvæmdasýslu ríkisins.


Það er flestum ljóst sem skoðað hafa málið, hversu mikil nauðsyn það er að þessi bygging rísi, þannig að starfsemi þjóðgarðsins geti staðið undir því sem ætlast er til með starfsemi þjóðgarðsins. Það er því von Snæfellsbæjar að á árinu 2010 fáið fjármagn til að hefja byggingarframkvæmdir. Gera már ráð fyrir að byggingarkostnaðurinn verði rúmar 250 m.kr.

Rétt er að geta þess að til verksins var búið að úthluta 200 m.kr. vegna þorskníðurskurðar og átti sú fjárveiting að skiptast niður á fjögur ár þ.e. 2008-2011 en einhverra hluta vegna ákvað fjárlaganefnd að fjárveiting fyrir árið 2009 yrði kr. 0, á meðan fjárveiting til þjóðgarðsins á Þingvöllum til framkvæmda var 31 m.kr. og Vatnajökulspjóðgarðs 245.5 m.kr.. Að mati Snæfellsbæjar er afar óeðlilegt að skera framkvæmdakostnað niður í 0 í einum af þremur þjóðgörðum landsins.

Snæfellsbær óskar eftir því að fjárlaganefnd veiti fjármagn af fjárlögum 2010 til að hefja byggingarframkvæmdir við húsið og að byggingarframkvæmdum verði lokið árið 2011 á 10 ára afmæli þjóðgarðsins.

Með vísan til framangreinds er þess hér með farið á leit við háttvirta fjárlaganefnd Alþingis, að veitt verði fjárframlög á fjárlögum ársins 2010 til hönnunar á þjóðgarðsmiðstöð á Hellissandi.

Virðingarfyllst,



Kristinn Jónasson
bæjarstjóri

Afrit:

Þingmenn Norðvesturkjördæmis.
Umhverfisráðuneytið
Umhverfisstofnun
Umhverfisnefnd Alþingis





SNÆFELLSBÆR

Þar sem jökullinn ber við loft...

Fjárlaganefnd Alþingis
Austurstræti 14
150 Reykjavík

Snæfellsbæ 10.09.2009

Efni: Ósk um fjárframlag frá fjárlaganefnd til Framkvæmdaráðs Snæfellsness

Sveitarfélögin á Snæfellsnesinu; Eyja- og Miklaholtshreppur, Helgafellssveit, Grundarfjarðarbær, Snæfellsbær og Stykkishólmsbær, tóku þá þá ákvörðun árið 2003, að verða fyrsta landsvæði á norðurhveli jarðar til að fá vottun frá Green Globe sem vistvænt samfélag undir forystu Guðlaugs heitins Bergsmanns.

Eftir umfangsmikla vinnu hafa sveitarfélögin fengið vottun Green Globe á sjálfbærri þróun umhverfis- og samfélagsmála á Snæfellsnesi með megináherslu á ferðaþjónustu.

Þetta er merkur áfangi í sjálfbærnessögu Íslands, því sveitarfélögin eru þau fyrstu í Evrópu til að hljóta vottun fyrir stefnu og framkvæmd í sjálfbærri þróun umhverfis- og samfélagsmála og fjórða svæðið í heiminum til að ná slíkum árangri.

Árangur sveitarfélaganna hefur vakið mikla athygli héraendis sem erlendis og hafa fulltrúar frá sveitarfélögunum farið víða um heim til að segja frá verkefninu.

Vottun frá Green Globe gildir í eitt ár í senn og á hverju ári fer fram úttekt sem sveitarfélögin þurfa að standast. Ný markmið eru sett sem lúta að því að gera enn betur en gert var á liðnu ári. Ljóst er að í vaxandi mæli horfa ferðamenn á það að svæðið sem þeir ferðast um sé vottað á einvern hátt þannig að það sé tryggt að gæðin sem viðkomandi sækist eftir séu tryggð.

Sveitarfélögin settu í sameiningu á laggirnar Framkvæmdaráð sem réð starfsmann til að fylgja verkefninu eftir en mikil vinna felst í eftirfylgni og gagnasöfnum, ásamt því að hrinda af stað þeim verkefnum sem þarf að fara í.

Mjög mikilvægt er að vel takist til um framkvæmd þessa framsækna brautryðjendaverkefnis á sviði umhverfis- og ferðamála. Verkefnið kostar töluverða fjármuni sem við teljum vel varið fyrir svæðið og landið í heild.






SNÆFELLSBÆR

Þar sem jökullinn ber við loft...

Rétt er að það komi fram að Alþingi hefur á undanförunum árum veitt fjármagn til verkefnisins.

Undirritaður, f.h. sveitarfélaganna á Snæfellsnesi, óskar eftir stuðningi fjárlaganefndar við þetta mikilvæga umhverfisverkefni með fjárframlagi á fjárlögum 2010.

Virðingarfyllst,



Kristinn Jónasson
bæjarstjóri

Afrit:

*Alþingismenn NV-kjördæmis
Umhverfisnefnd Alþingis
Umhverfisráðuneytið*

